

Skýrsla meirihluta fjárlaganefndar Alþingis

# Einkavæðing bankanna hin síðari

12. september 2016

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Umfjöllun um eftirgjöf ríkisins í hverjum banka fyrir sig.....	6
a. Arion .....	6
b. Íslandsbanki .....	7
c. Landsbanki .....	8
d. Seðlabanki .....	8
3. Samantekt .....	9
a. Vextir og arður af eignum.....	12
b. Skuldabréf til gömlu bankanna.....	13
c. Uppgjör á endurhverfum lánnum og veðlánnum við Seðlabanka .....	14
4. Sala á hlutum í bönkum .....	16
a. Íslandsbanki.....	16
5. Samantekt Íslandsbanki .....	17
b. Landsbankinn .....	17
c. Vextir á hlutafjárloforð.....	19
6. Samantekt Landsbanki .....	20
d. Arion .....	21
7. Samantekt Arion.....	28
8. Aðrar yfirteknar fjármálastofnanir.....	29
9. Lokaorð .....	34
10. Samandregin niðurstaða .....	35
11. Heimildaskrá .....	36

## 1. Inngangur

Skýrsla þessi er unnin af og fyrir meirihluta fjárlaganefndar Alþingis. Víða hefur verið leitað fanga í upplýsingaöflun og eru allar upplýsingar sem hér koma fram studdar opinberum gögnum. Leitað var fanga í ársreikningum bankanna, fjárlögum og ríkisreikningi og upplýsingar sóttar til fjármála- og efnahagsráðuneytis, forsætisráðuneytis, Ríkisendurskoðunar, Seðlabankans, Bankasýslu ríkisins, Fjársýslu ríkisins o.fl.

Í skýrslunni er reynt að varpa ljósi á hvernig kröfuhöfum voru færðir íslensku bankarnir með mikilli meðgjöf frá skattgreiðendum og með gríðarlegri áhættu fyrir ríkissjóð árið 2009. Þessi ráðstöfun gekk þvert gegn neyðarlögunum sem sett voru í október 2008, en þar var gert ráð fyrir yfirtöku íslenska ríkisins á föllnu bönkunum undir yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins. Án lagaheimildar tók Steingrímur J. Sigfússon þáverandi fjármálaráðherra þetta verkefni af FME. Ráðuneyti hans gekk til samninga við kröfuhafa föllnu bankanna með þeim hætti að ríkið tók á sig alla áhættu af rekstri bankanna. Ef illa hefði gengið hefði tapið lent á ríkissjóði og þar með skattgreiðendum. En þó ríkið tæki á sig áhættuna þá komu Arion banki og Íslandsbanki ekki í hlut þess, eins og upphaflega stóð til. Eigendur þessara banka fengu því í hendurnar áhættulausa fjárfestingu sem skilaði þeim 132,4 ma.kr. á árunum 2009 til 2012 og 216. ma.kr. sé Landsbankinn tekinn með. Hagnaður bankanna síðastliðin 7 ár er 468,7 ma.kr. Hagnaður Arion og Íslandsbanka á þessu tímabili er 157,5 ma.kr. Engar arðgreiðslur áttu sér stað á meðan ríkið var í fullri ábyrgð fyrir bönkunum frá 2008 til 2012 að undanskildum 6,5 ma.kr. sem Arion greiddi ríkinu árið 2011 í formi víkjandi láns. Hér má sjá hagnað og arðgreiðslur eftir árum.<sup>1</sup>

Hagnaður (milljarðar króna)

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Samtals
<b>Arion</b>	12,9	12,6	11,1	17,1	12,7	28,6	49,7	<b>144,7</b>
<b>Íslandsbanki</b>	24,0	29,4	1,9*	23,4	23,1	22,8	20,6	<b>145,2</b>
<b>Landsbankinn</b>	14,3	27,2	16,7	25,5	29,8	28,8	36,5	<b>178,8</b>
<b>Samtals</b>	<b>51,2</b>	<b>69,2</b>	<b>29,7</b>	<b>66,0</b>	<b>65,6</b>	<b>80,2</b>	<b>106,8</b>	<b>468,7</b>

\*Gengislánadómar og lækkun á viðskiptavild

Arðgreiðslur (milljarðar króna)

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals
<b>Arion</b>			6,5**			7,8	12,8***		<b>27,1</b>
<b>Íslandsbanki</b>					3,0	4,0	8,9	10,0	<b>25,9</b>
<b>Landsbankinn</b>					10,1	20,2	24,0	28,5	<b>82,8</b>
<b>Samtals</b>			<b>6,5</b>		<b>13,1</b>	<b>32,0</b>	<b>45,7</b>	<b>38,5</b>	<b>135,8</b>

\*\*Arðgreiðsla til ríkisins í formi víkjandi láns

\*\*\*Ekki liggur fyrir með arðgreiðslu í ár

<sup>1</sup> Upplýsingar fagnar úr ársreikningum bankanna.

Eftir að Alþingi var sent erindi í febrúar 2014, er varðaði hugsanlegt brot við „einkavæðingu“ bankanna fór af stað enn frekari gagnaöflun og athugun hjá meirihluta fjárlaganefndar. Niðurstöður þessarar skýrslu eru að stórum hluta byggðar á þeirri gagnaöflun.

Samtals var ríkissjóður settur í áhættu fyrir 296 milljörðum króna við endurreisn bankanna. Þetta er sama fjárhæð og í upprunalegu áætlunum neyðarlaganna, en þar var miðað við að ríkið eignaðist alla bankana. Með því að taka fram fyrir hendurnar á Fjármálaeftirlitinu glopraði fjármálaráðherra niður gríðarlegum ávinningi.

Skýrslan sýnir að samningagerðin gekk alfarið út á að friðþægja kröfuhafana með því að afhenda þeim eignarhald á bönkunum, varpa allri ábyrgð á íslenska skattgreiðendur og falla frá tugmilljarða króna arðgreiðslum, endurgreiðslum og vaxtagreiðslum. Samningamenn fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans afhentu kröfuhöfunum eignir á silfurfati og afsöluðu meira og minna öllum ávinningi ríkisins af þeirri ábyrgð sem það tók á sig frá hruni bankanna.

Skjölin sína undarlegan ótta samningamanna við kröfuhafana og vanmetakennd gagnvart hátt launuðum lögfræðingaher þeirra. Þau sýna sérkennilega árátta íslenska samningafólksins til að gæta hagsmuna viðsemjenda sinna og tryggja að þeir bæru ekki skarðan hlut frá borði.

Ein helsta röksemd Steingríms J. Sigfússonar þáverandi fjármálaráðherra fyrir því að falla frá fyrirhugaðri yfirtöku ríkisins á bönkunum þremur hefur verið sú að áhættan hafi verið allt of mikil fyrir ríkissjóð. Þær upplýsingar sem hér koma fram sýna aftur á móti að ríkissjóður tók á sig þessa áhættu að fullu, en eignaðist aðeins einn bankann af þremur.

Í fylgiskjölum með þessari skýrslu má finna fundargerðir stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint sem stofnuð var um miðjan mars 2009. Fundargerðir 1 og 13 vantar og því borið við að þær hafi aldrei verið skrifaðar sem er áfellingdómur yfir stjórnarsýslunni ef satt reynist. Einnig má finna fundargerðir samráðshóps stjórnvalda sem skipaður var á grunni neyðarlaganna. Athyglisvert er að sjá mannabreytingarnar í nefndinni á tímanum sem fundargerðirnar ná yfir. Ljóst er að fjárlaganefnd hefur ekki fengið allar fundargerðir þessa samráðshóps því í 8. tölul. fundargerðar 26 frá 13. maí 2009 kemur fram að framhald umræðna verði síðar.

Gangur mála var þessi:

1. Á grunni neyðarlaganna gerði Fjármálaeftirlitið (FME) verðmat og var falið að ganga frá stofnun nýju bankanna.<sup>2</sup> Í fundargerðum samráðshóps stjórnvalda frá því í apríl og maí 2009 er staðfest að stjórnvöld tóku fram fyrir hendur FME á þessum tíma og breyttu ákvörðunum í þá veru að ákvarðanir voru ekki lengur byggðar á grunni neyðarlaganna og ákvarðanatöku var flutt inn í fjármálaráðuneytið undir stjórn Steingríms J. Sigfússonar.
2. Á grunni neyðarlaganna voru öll lánasöfn færð yfir í nýju bankana í íslenskum krónum. Eftir að fjármálaráðuneytið hafði tekið völdin af FME voru gengistryggðu lánin

<sup>2</sup> [http://www.fme.is/media/akvardanir/19.-oktober-2008\\_3.pdf](http://www.fme.is/media/akvardanir/19.-oktober-2008_3.pdf)

endurvakin í nýju bönkunum með sérstökum uppgjörum í bönkunum þremur. Voru þau unnin í nóvember 2009 og miðað var við reikningskil pr. 31.12. 2008. (Uppgjör FME fyrir 2008 miðaðist við 15.10. 2008). Þetta var unnið undir verkstjórn ríkisendurskoðanda.<sup>3</sup> Í þeim var tekjufærður gengismunahagnaður í bönkunum samhliða því að myndaðir voru afskriftareikningar til mótvægis. Er þetta þvert á ákvarðanir FME frá í október 2008 um að flytja öll útlán yfir í nýju bankana í íslenskum krónum. Aðkoma ríkisendurskoðanda að þessum gjörningi, sem gekk gegn löglega teknum ákvörðunum FME á grundvelli neyðarlaga, er óútskýrð.

3. Seðlabankinn átti nokkuð mikið magn húsnæðislána sem hann hafði tekið í fangið í bankahruninu. Á ákveðnum tímapunkti var Seðlabankinn látinn leysa húsnæðislán einstaklinga úr veðböndum og færa inn í þrotabú Kaupþings og Glitnis svo að hægt væri að innheimta þau í þágu kröfuhafanna. Óupplýst er hvert tjón Seðlabankans af þessum aðgerðum varð. Sjá fylgiskjal 4.
4. Þegar Arion og Íslandsbanki voru afhentir kröfuhöfum var það gert án þess að reikna upp eigið fé þeirra. Fengu kröfuhafarnir þannig um 44 milljarða króna gefins og án þess að þeir ættu tilkall til þeirra fjármuna.<sup>4</sup>
5. Jafnframt þegar bankarnir voru afhentir kröfuhöfum var látið hjá líða að reikna upp áfallna vexti á RIKH 18 ríkisskuldabréfum sem bankarnir höfðu fengið til fjármögnunar. Kröfuhafar fengu ríkisskuldabréfin afhent með þessum áföllnu vöxtum og fór uppgjör fram að einhverju leyti löngu síðar með milljarðatapi ríkissjóðs.

---

3

[https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Frettir/New\\_Kaupthing\\_Bank\\_hf\\_Consolidated\\_Financial\\_Statements\\_31.12.2008.pdf](https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Frettir/New_Kaupthing_Bank_hf_Consolidated_Financial_Statements_31.12.2008.pdf) Independent Auditor's Report, bls. 5.

<sup>4</sup> Uppsafnaður hagnaður Íslandsbanka árið 2008 var 2.360 ma.kr. og 23.901 ma.kr árið 2009 sem samtals gerir 26.261 ma.kr. Uppsafnaður hagnaður Arion var 4.946 ma.kr. árið 2008 og 12.970 ma.kr. árið 2009 sem samtals gerir 17.916 ma.kr. Uppsafnaður hagnaður bankanna tveggja á þessum árum eru því 44.177 ma.kr. Arion var ekki afhentur kröfuhöfum fyrr en í upphafi árs 2010 en Íslandsbanki var afhentur fyrir áramótin 2009/2010. Því kann hluti af hagnaði hans að tilheyra tímabilinu eftir að hann var afhentur. Sambærilegar tölur fyrir Landsbankann eru fyrir árið 2008, -6.945 ma.kr. og 14.477 ma.kr. fyrir árið 2009, samtals 7.532 ma.kr. Ríkissjóður á lang stærsta hlutann í Landsbankanum og fékk því megnið af þessum hagnaði til sín.

## 2. Umfjöllun um eftirgjöf ríkisins í hverjum banka fyrir sig

### a. Arion

Ríkissjóður var settur í áhættu fyrir 117 milljarða króna. Áhættustaða ríkisins formgerðist með þrennum hætti:

1. Í formi hlutafjár: 9,9 ma.kr.
2. Í formi víkjandi láns sem hægt var að breyta í hlutafé: 32,4 ma.kr.
3. Í formi lausafjárfyrirgreiðslu: 75 ma.kr.

Til viðbótar lofaði ríkið skaðleysi á yfirtöku á Drómaskuldabréfi sem jafngilti því að ef tap yrði af yfirfærslu eigna SPRON myndi tapið lenda á ríkissjóði en hagnaðurinn yrði hins vegar eftir í Arion.

Samið var um að kröfuhafar Kaupþings fengju 87% af hagnaði Arion en ríkissjóður 13%. Auk þess fékk Kaupþing innheimtur ákveðinna lánasafna upp á 81 ma.kr. og tapsáhætta var óveruleg. Kaupþing skuldaði Arion 38 ma.kr. sem átti að greiðast upp með innheimtum frá ákveðnum viðskipavinum.

Meint hlutafjárframlag Kaupþings var 66 ma.kr. og var það lagt fram í formi mats á yfirfærðum eignum, þ.e. eignum sem höfðu verið metnar af FME og Deloitte LLP á núllvirði. Arion hafði afhent þær inn í Kaupþing á núlli. Þær voru síðan afhentar Arion sem stofnfjárframlag með verðmati upp á 28,8 ma.kr. Að auki leysti Seðlabankinn eignir sem veðsettar höfðu verið í bankanum undan veðum og afhenti Kaupþingi sem lagði þær inn í nýstofnaðan Arion með matsverð upp á 22,8 ma.kr. umfram þær skuldir sem yfirteknar voru við Seðlabankann. Allt var þetta gert með samþykki samningamanna fjármálaráðuneytisins.

Meint innborgun á reiðufé upp á 14,4 ma.kr. samkvæmt tilkynningu til hlutafjárskrár kemur ekki fram í fjárhreyfingum í sjóðstreymi bankans og líklegt er að þessi hreyfing tengist samningum við Seðlabankann.

Ríkið tók alla áhættu á rekstri Arion frá stofndeggi og hóf vaxtagreiðslur á stofnframlag sitt 12 dögum fyrir dagsetningu stofnefnahags. 15 mánuðum seinna leggur Kaupþing inn fyrirnefndar eignir og eignast/fær allan ávinning frá stofndeggi bankans sem að uppistöðu til fólst í vaxtagreiðslum ríkisins til bankans af hlutafjárloforðum sínum.

## b. Íslandsbanki

Í Íslandsbanka tók ríkissjóður 57,3 ma.kr. áhættustöðu. Áhættunni er skipt í þrennt:

1. Í formi hlutafjár: 7,3 ma.kr.
2. Í formi víkjandi láns sem hægt var að breyta í hlutafé: 25 ma.kr.
3. Í formi lausafjárfyrirgreiðslu: 25 ma.kr..

Til viðbótar lofaði ríkið skaðleysi á yfirtöku á Straumi sem jafngilti því að ef tap yrði af yfirfærslu eigna Straums lenti tapið á ríkissjóði en hagnaður yrði hins vegar eftir í Íslandsbanka.

Við afhendingu til kröfuhafa á 95% hlut bankans fékk ríkið endurgreidda 58,7 ma.kr. af 65 ma.kr. stofnframlagi sínu og gaf eftir allan ávinning af rekstri bankans frá stofndeggi til afhendingardags. Ríkið lagði þannig fram 65 ma.kr. hlutafjárloforð og greiddi 1 ma.kr. vexti af því, Glitnir lagði fram 52 m.kr. skuldabréf sem ákvarðað var í erlendri mynt á gengi sem ljóst var að Glitnir myndi hagnast á og vaxtareiknað var frá stofndeggi til að eignast þessi 95%. Ríkið gaf því ekki einungis eftir hagnaðinn af því tímabili þegar bankinn var alfarið á ábyrgð ríkisins heldur afhenti hlutafé sitt undir nafnverði, þ.e. greiddi meira/reiddi fram meira, fyrir hvert prósent en Glitnir:  $7,3/65=11,23\%$  en ekki 5%.

Áhætta kröfuhafa Glitnis af Íslandsbanka var því sú sama og hefði alltaf lent á Glitni samkvæmt neyðarlögum, þ.e. 52 ma.kr. skuldabréfið milli gamla og nýja bankans. Fyrir það gátu kröfuhafar Glitnis eignast 80 ma.kr. í teygjuskuldabréfi<sup>5</sup> að viðbættum 95% af hagnaði bankans.

Áhætta ríkisins var því allt að 57,3 ma.kr. en mögulegur ávinningur 5% af mögulegum hagnaði. Íslandsbankaframlag Glitnis var 52 ma.kr og hann á 95% af mögulegum ávinningi. Þetta er eitt skírasta dæmið um það hvernig samningamenn fjármálaráðuneytisins tóku hagsmuni kröfuhafa fram yfir hagsmuni skattgreiðenda.

---

<sup>5</sup> Orðskýring: Á ensku “contingent bond” eða skuldabréf sem er þannig að fjárhæð greiðslnanna fer eftir tilteknum reglum. Dæmi: bréfin í gamla Landsbankanum og Kaupþingi þar sem hámarksendurgreiðsla fékkst ef tilteknar heimtur á tilteknum lánasöfnum næðust. Einnig eru „innheimtuaflæiður“ eða bónus greiðslur. Þetta var hluti af friðþægingu erlendra kröfuhafa með framvirkum samningum.

### **c. Landsbanki**

Ríkið lagði fram hlutafé upp á 122 ma.kr en kröfuhafar gamla bankans 28 ma.kr. Ríkið greiddi gamla Landsbankanum 2 ma.kr. fyrir kauprétt á 28 ma.kr. hlut.

28 ma.kr. hlutafjárframlag gamla bankans var að megni til búið til með uppreikningi á 274,8 ma.kr. kröfu gamla bankans á þann nýja þannig að ekki er um eiginlega aukaáhættutöku að ræða.

Tapsáhætta ríkisins var 122 ma.kr. og ríkið gat eignast allan ávinninginn eftir að 92 ma.kr. skilyrt skuldabréf hafði verið greitt upp. Tapsáhættan var sú sama, 274,8 ma.kr., en gamli bankinn bar hana samkvæmt neyðarlögunum.

Kauprétturinn sem nam 2 ma.kr. átti að tryggja endurkaup á 17% hlutum sem kröfuhafarnir fengu án endurgjalds. Það er fróðlegt að skoða þá verðlagningu því fyrir 92 ma.kr. fékk ríkið til baka 17% hlut. Jafngildir það verðmati á Landsbankanum að fjárhæð 541 ma.kr., langt umfram raunvirði. Ekki fæst betur séð en þessi flétta hafi verið gerð til þess eins að færa Icesave-skuldbindingar yfir á skuldara nýja Landsbankans.

### **d. Seðlabanki**

Seðlabankinn afhenti slitastjórn Kaupþings og Glitnis veðsett húsnæðislán. Með þeim gjörningi rýrði bankinn stöðu sína í þágu kröfuhafanna með afar óvenjulegum og fordæmalausum hætti.

Enginn vafi leikur á því að ríkið bar alla áhættu af rekstri bankanna og ef illa hefði gengið hefði tapið lent á ríkissjóði og þar með skattgreiðendum. Ávinningur af rekstri bankanna var hins vegar í tilviki Arion og Íslandsbanka ekki hjá sama aðila og áhættan.



### 3. Samantekt

Með neyðarlögum sem tóku gildi 7. október 2008 var FME veitt heimild til að yfirtaka fjármálafyrirtæki og ráðstafa eignum þeirra og skuldum.

Fjármálaráðherra stofnaði þrjú ný hlutafélög sem urðu að nýju bönkunum. Hvert félag var stofnað með 775 m.kr. hlutfjárframlagi. Hlutfé var greitt inn á genginu 1 kr. fyrir hlut. Félögunum var ætlað að taka yfir hluta af efnahagsreikningum gömlu bankanna.

FME skipti efnahag bankanna upp í samræmi við forsendur sínar 14. október 2008 og endurskoðaði þær 19. október 2008 og gerði bráðabirgðamat á verðmætum þeirra eigna og skulda sem fluttar voru til nýju bankanna.

*Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 17. bls.:<sup>6</sup>*

#### Stofnefnahagsreikningar nýrra banka

Bráðabirgðatölur 14. nóvember 2008 í m.kr.	Arion banki 21.10.2008	Íslands- banki 15.10.2008	Lands- bankinn 8.10.2008	Samtals
Sjóður og innistæður hjá seðlabönkum	77187	146.461	238.133	<b>461.781</b>
Kröfur á lánaðstofnanir	27144	18.998	87.574	<b>133.716</b>
Útdán til viðskiptavina	455532	631.369	739.405	<b>1.826.306</b>
Veltufjáreignir	16617	0	0	<b>16.617</b>
Fjáreignir á gangvirkri	49637	51.692	151.997	<b>253.326</b>
Hlutir í dóttur- og hlutdeildarfélagum	15130	16.131	52.657	<b>83.918</b>
Óefnislegar eignir	5867	0	1.002	<b>6.869</b>
Rekstrarfjármunir	8792	1.446	8.185	<b>18.423</b>
Fjármunir til sölu eða í sölu eðferð	449	456	2.782	<b>3.687</b>
Aðrar eignir	43571	19.347	18.414	<b>81.332</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>699.925</b>	<b>885.901</b>	<b>1.300.149</b>	<b>2.885.975</b>
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og seðlabönkum	78348	14.923	63.788	<b>157.054</b>
Innlán viðskiptamanna	339043	338.556	478.275	<b>1.155.874</b>
Skuldabréf útgefið til gamla banka	172337	422.423	558.091	<b>1.152.851</b>
Aðrar skuldir	35197	0	0	<b>35.197</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>624.925</b>	<b>775.901</b>	<b>1.100.149</b>	<b>2.500.975</b>
Hlutfé	75000	110.000	200.000	<b>385.000</b>
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>75000</b>	<b>110.000</b>	<b>200.000</b>	<b>385.000</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>699.925</b>	<b>885.901</b>	<b>1.300.149</b>	<b>2.885.975</b>

<sup>6</sup> <https://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/1213.pdf>

Bráðabirgðamat FME gerði ráð fyrir að heildarverðmæti yfirtekinna eigna væri 2.500.975 m.kr. og að yfirteknar skuldir væru 1.348.124 m.kr. Nýju bankarnir væru því í skuld við þá gömlu upp á 1.152.851 m.kr. og leggja þyrfti inn nýtt hlutafé að fjárhæð 385.000 m.kr. Deloitte LLP var fengið til að leggja mat á yfirfærðar eignir og skuldir. Mat Deloitte LLP var að nettóeignir væru nokkuð minni en gert var ráð fyrir í bráðabirgðamati FME og að nýju bankarnir skulduðu þeim gömlu 442–766 ma.kr. Deloitte LLP skilaði matinu 22. apríl 2009. Mat FME og Deloitte LLP miðaðist við stöðu í bókum bankanna 30. september 2008 og gerði ráð fyrir að skuldir og eignir væru teknar yfir á uppreiknuðu gegni þess dags með þekktum áorðnum breytingum til stofndags. Efnahagsreikningar voru reiknaðir og ákvarðaðir í íslenskum krónum.

Við lestur efnahagsreikninga bankanna verður að hafa í huga að þar koma fram reiknaðar nettótölur, þ.e. áætlað verðmæti eigna að frádreginni áætlaðri virðisryrnun. Þannig er t.d. brúttóverðmæti yfirtekinna útlána 3.556.163 m.kr. þar sem sértæk niðurfærsla upp á 1.729.857 m.kr. er færð á móti. Nettóverðmæti varð þannig mismunur þessara tveggja talna eða 1.826.306 m.kr.

Ný ríkisstjórn tók við 1. febrúar 2009. Ákvað hún að láta FME ekki ákvarða þau verðmæti sem yfirtekin voru heldur gekk til samninga við kröfuhafa um hvernig þau skyldu ákvörðuð.

Kafli úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn *viðskiptabankanna*, 5. bls.:

4. Í samningagerð FME um framkvæmd matsins varð ljóst að matsmaðurinn myndi ekki skila einni tölu sem mati heldur ákveðnu verðbili. Þá var einnig orðið ljóst að kröfuhafar bankanna voru ósáttir við fyrirliggjandi áætlun, töldu hana einhliða og að þeir hefðu ekki möguleika á að gæta hagsmuna sinna. Þetta varð til þess að endurreisnaráætluninni var breytt þannig að reynt yrði með samningum að ná niðurstöðu um verðmat frekar en með einhliða ákvörðun. Fyrir hönd nýju bankanna leiddi fjármálaráðuneytið viðræðurnar en fjármálaráðherra fór með eignarhald ríkisins í nýju bönkunum. Hinum megin borðsins voru skilanefndir gömlu bankanna studdar af fulltrúum kröfuhafa.

5. Áður en samningaviðræður hófust lét fjármálaráðherra ráðgjafa sína meta stöðu bankanna. Eitt helsta vandamál nýju bankanna var misvægi í gjaldeyrisjöfnuði þeirra en yfirtekin útlán voru að mestu í erlendum myntum eða gengistryggð en innlánin að mestu í krónum. Nauðsynlegt var að finna lausn á þessu vandamáli áður en bankarnir gætu lagt fram viðskiptaáætlanir sínar og viðræður hafist. Meginlausnin var talin felast í skuldbreytingu gengistryggðra lána til aðila sem ekki höfðu tekjur í erlendum myntum í krónulán og einnig með því að uppgjör við gömlu bankanna gæti verið í erlendri mynt til mótvægis við útlán í erlendum myntum til aðila með gjaldeyristekjur.

6. Ljóst var að mjög erfitt myndi reynast að ná samkomulagi um ákveðið verðmat enda var matið háð mörgum mismunandi forsendum sem samningsaðilarnir höfðu

mismunandi skoðanir á. Markmið ríkisins var því að reyna að semja um ákveðið grunnmat sem stofnfjármögnun bankanna gæti tryggilega grundvallast á. Hækkarnir umfram grunnmatið gætu þá runnið til kröfuhafa í formi verðmætaaukningar hlutabréfa eða skilyrtra skuldabréfa, en komið hafði í ljós að skilanefndir og meirihluti kröfuhafa í Glitni og Kaupþingi gætu haft áhuga á að eignast hluti í hinum nýju bönkum og njóta þannig hugsanlegrar verðmætaaukningar á yfirfærðum eignum.

Gengið var til samninga. Samningaviðræður tóku lungann af árinu 2009 og þeim lauk 8. janúar 2010 með samningi um Arion.

Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 32. bls. og ársreikningum banka 2008:

Sofnefnahagsreikningar og efnahagur 31.12.2008	Arion		Íslandsbanki		Landsbanki	
	22.10.2008	31.12.2008	22.10.2008	31.12.2008	22.10.2008	31.12.2008
Sjóður og innistæður hjá seðlabönkum	9.554	87.555	53.829	20.842	38.602	30.071
Markaðskuldabréf	7.939	10.761	3.762	34.067	24.624	39.896
Hlutabréf og önnur verðbréf	8.826	6.609	3.944	2.535	36.158	39.681
Skuldabréf vegna yfirfærslu eigna	38.300	41.156	-	-	-	-
Kröfur á Lánastofnanir	35.265	47.697	10.597	28.320	5.291	8.845
Útlán til viðskiptavina	324.727	337.014	482.586	484.933	655.725	705.182
Fjáreignir á gangvirði	11.598	12.079	1.589	2.248	-	-
Hlutir í dóttur og hlutdeildarfélagum	2.345	2.843	296	651	2.325	2.518
Óefnislegar eignir	2.441	2.432	-	-	1.206	1.220
Rekstrarfjármunir	8.346	7.656	1.773	1.675	6.909	6.864
Fjármunir til sölu eða í sölumeðferð	-	-	1.894	2.154	6.498	7.584
Skattaeign	578	551	-	5	4.935	7.347
Hlutfjárlöforð	71.225	71.225	64.225	66.512	149.225	149.225
Aðrar eignir	3.090	13.625	6.470	14.062	1.157	38.958
<b>Eignir samtals</b>	<b>524.234</b>	<b>641.203</b>	<b>630.965</b>	<b>658.004</b>	<b>932.655</b>	<b>1.037.391</b>
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og seðlabönkum	52.179	122.733	134.303	53.153	82.517	132.219
Innlán viðskiptamanna	389.756	421.341	361.302	440.095	418.045	431.006
Skuldabréf útgefið til gamla banka	-	-	53.808	67.315	274.800	305.057
Skattaskuldbindingar	274	1.031	137	549	1.420	845
Skuldbindingar vegna sölu eigna	38	2	1.285	1.285	4.519	4.440
Aðrar skuldir	9.987	19.150	14.470	27.577	1.306	20.539
<b>Skuldir samtals</b>	<b>452.234</b>	<b>564.257</b>	<b>565.305</b>	<b>589.974</b>	<b>782.607</b>	<b>894.106</b>
Hlutfé	12.646	12.646	10.000	10.000	24.000	24.000
Yfirverð hlutfjár	59.354	59.354	55.000	55.000	125.880	125.898
Annað eigið fé	-	129	660	240	168	-
		4.817		2.120	-	6.945
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>72.000</b>	<b>76.946</b>	<b>65.660</b>	<b>67.360</b>	<b>150.048</b>	<b>142.953</b>
Hlutdeild minnihluta				670		332
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>524.234</b>	<b>641.203</b>	<b>630.965</b>	<b>658.004</b>	<b>932.655</b>	<b>1.037.391</b>

Niðurstaða samninga um nettóverðmæti þeirra eigna er fluttar voru til nýju bankanna.

Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 29. bls.:

Tafla 3. Uppgjör nýju bankanna á nettóeignum

Ma.kr.	Nettó	Skilyrt
Íslandsbanki	52	80
Arion banki	-38	43
Landsbankinn	275	92
Samtals	289	215

Hugsunin var sú að nettóeignir bankanna væru á bilinu 289–504 ma.kr. virði eftir heimtum og að heildarhlutafé hinna nýju banka yrði 285 ma.kr. Gömlu bönkunum var veittur kaupréttur á hlutum í nýju bönkunum auk hlutdeildar í skilyrtum heimtum.

Auk þessa veitti ríkissjóður lausafjárþyrngreiðslu og víkjandi lán til bankanna og því einsýnt að ríkið bar alla fjárhagslega áhættu af rekstri bankanna fyrstu árin.

Við nánari skoðun er vert að huga betur að ýmsum atriðum:

#### a. Vextir og arður af eignum

Frá yfirtöku í október 2008 og fram til ársloka 2009 voru bankarnir á forræði og ábyrgð ríkisins og greiddi ríkissjóður þeim vexti af hlutafjárloforðum sínum.

Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 33. bls.:

Á þessum millibilstíma frá október 2008 og fram að yfirtöku gömlu bankanna greiddi ríkissjóður vexti af þeim skuldabréfum sem hann hafði gefið út miðað við október 2008 til að greiða fyrir hlutabréfin. Um samdist í tilfelli Íslandsbanka að skuldabréfunum yrði skilað til ríkissjóðs með áföllnum vöxtum að mestu fyrir tímabilið en í tilfelli Arion að bankinn myndi greiða ríkinu arð fyrir það tímabil sem hann var í eigu ríkisins sem myndi samsvara stórum hluta af vaxtagjöldunum.

Meginástæða þess að erfitt var að ná vaxtagjöldunum að fullu til baka var að ákveðið hafði verið að greiða hlutaféð með skuldabréfum með breytilegum vöxtum sem voru mjög háir á þessu tímabili, en fyrsta árið reyndust árlegir vextir af skuldabréfinu vera 13,3% að meðaltali (sbr. kafla 2.4.5.). Hefði ríkissjóður fjármagnað hlutabréfakaupin með skuldabréfum með föstum vöxtum hefðu vaxtagjöldin orðið minni á upphafstímabilinu, en væntanlega hærrí þegar til lengri tíma er litið, en árlegir vextir af skuldabréfinu með breytilegum vöxtum eru nú 3,25% (febrúar 2011).

Vaxtagreiðslur ríkissjóðs til bankanna vegna hlutafjárloforða hljóta að teljast skýr viðurkenning á því að þeir voru sannarlega í eigu ríkisins. Þrátt fyrir þetta virðist það vera svo að þegar kom að

Því að selja gömlu bönkunum hlutafé í hinum nýju hafi verið horft framhjá þeirri eiginfjáruppbyggingu sem hafði átt sér stað á því tímabili er bankarnir voru 100% í eigu ríkisins.

Gróft áætlaðar vaxtagreiðslur af þessum hlutafjárloforðum eru um 40 ma.kr. Svo virðist því sem samninganefnd ríkisins hafi gefið eftir ávinninginn af rekstrinum í samningum þrátt fyrir að greiða vexti af hlutafjárframlaginu.

## **b. Skuldabréf til gömlu bankanna**

Skuldabréf til gömlu bankanna vegna mismunar á verðmæti á yfirteknum eignum og skuldum voru ákvörðuð 274,8 ma.kr. vegna Landsbankans og 52 ma.kr. vegna Íslandsbanka. Arion átti hins vegar kröfu á gamla bankann að fjárhæð 38,3 ma.kr.

Verðmæti á kröfum þessum miðaðist við nettóeignavirði á yfirtökudegi og var í íslenskum krónum í samræmi við ákvæði laga. Ráðgjafar ríkisins höfðu hins vegar miklar áhyggjur af gjaldeyrisjöfnuði bankanna þar sem stór hluti eigna var í erlendri mynt en skuldir að megninu til í íslenskum krónum. Þeir lögðu sig því fram við að semja um að þessar skuldir yrðu yfirfærðar í erlenda mynt.

Nú er til þess að taka að bankarnir voru reknir á ábyrgð ríkisins og að þeir höfðu verið í rekstri frá yfirtökudegi fram til sammingsdags. Öll áhætta af styrkingu krónunnar og ávinningur af falli hennar hvíldi því á ríkissjóði.

Miðgengi meðaltals mánaða eins og það er skráð hjá Seðlabanka Íslands á því tímabili þegar bankarnir voru í eigu ríkisins er eftirfarandi.

	<b>USD</b>	<b>GBP</b>	<b>CHF</b>	<b>EUR</b>
okt.08	114,09	193,0	100,05	151,86
nóv.08	135,32	207,65	113,7	172,4
des.08	123,99	184,3	108,06	166,28
jan.09	123,72	178,68	109,93	164,16
feb.09	113,83	164,01	97,67	145,66
mar.09	114,68	162,79	99,33	149,7
apr.09	126,63	186,29	110,35	167,16
maí.09	126,35	194,84	114,05	172,38
jún.09	126,66	207,38	117,21	177,56
júl.09	127,36	208,23	118,01	179,41
ágú.09	127,15	210,08	119,0	181,33
sep.09	124,61	203,55	119,8	181,45
okt.09	123,89	200,54	121,35	183,69
nóv.09	123,74	205,42	122,24	184,64
des.09	125,07	203,26	121,69	182,92
jan.10	125,87	203,59	121,77	179,78

Sú staðreynd að íslenska krónan hafði frá því í október 2008 og fram til ársloka 2009 fallið gagnvart öllum helstu myntum virðist hafa farið framhjá samningamönnum ríkisins og sú staðreynd að meint áhætta hafði á því tímabili þegar ríkið bar ábyrgð á rekstri bankanna reynst ávinningur.

Hér virðist því samninganefndin hafa fórnað möguleikum sínum á því að gera upp skuldir miðað við skráð gengi á samningsdegi sem klárlega voru ákvarðaðar í íslenskum krónum á yfirtökudegi.

Vert er að hafa í huga að á sama tíma og leitast var við að ná gjaldeyrisjöfnuði bankanna réttum með samningum við kröfuhafa sat Seðlabanki Íslands uppi með skuldsettan gjaldeyrisforða og hefði mátt gera skiptasamning við bankana til að netta út áhættu af væntri styrkingu krónunnar og í leiðinni hefði Seðlabankinn getað minnkað áhættu sína.

### **c. Uppgjör á endurhverfum lánnum og veðlánnum við Seðlabanka**

Við fall bankanna var Seðlabankinn með mikil útlán til bankakerfisins sem voru tryggð með veðlánnum eða samningum um endurkaup. Mörg af þessum veðum Seðlabankans reyndust lítils virði þegar á reyndi. Samt virðist sem veðkröfur í bréf sem sannanlega voru verðmæt hafi verið gefnar eftir og verðmæti þannig færð til gömlu bankanna án þess að ljóst sé hvert endurgjald þeirra var. Nokkrum vandkvæðum er bundið að finna nákvæmlega út hvað gerðist þar eð þessar eignir voru færðar niður af Seðlabanka að hluta og síðar seldar til ríkisins gegn útgáfu skuldabréfs. Ríkið seldi eignirnar aftur til Seðlabanka sem flutti þær til eignarhaldsfélaga í eigu Seðlabankans. Ekki er loku fyrir það skotið að hér hafi verið eðlilega að öllu staðið en í ljósi óvenjulegrar atburðarásar er full ástæða til að skoða þetta betur.

*Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu við fjármálafyrirtæki, 6. bls.:*

Við fall bankanna 2008 varð Seðlabanki Íslands fyrir verulegu tjóni vegna lána bankans til fjármálafyrirtækja og nam staða þeirra samtals 345 m.kr. í árslok 2008. Það sýndi sig að tryggingar að baki lánunum voru í mörgum tilvikum lélegar og var við uppgjör Seðlabankans fyrir árið 2008 ákveðið að afskrifa strax 75 ma.kr. af þessum kröfum og færa til gjalda í ársreikningi. Það sem eftir stóð af kröfunum, 270 ma.kr., yfirtók ríkissjóður í skiptum fyrir skuldabréf að sömu fjárhæð og bætti þar með eiginfjárstöðu Seðlabankans. Einnig yfirtók ríkissjóður tryggingabréf að fjárhæð 97,9 ma.kr. vegna samninga við aðalmiðlara ríkisverðbréfa sem höfðu fengið lánuð ríkisverðbréf til skilgreinds tíma gegn því að leggja fram tryggingabréf. Kröfurnar sem ríkissjóður yfirtók frá Seðlabankanum námu þannig samtals 367,9 ma.kr. en mat á þeim benti til þess að meirihlutinn væri tapaður eða myndi tapast. Hjá ríkissjóði voru þar af leiðandi gjaldfærðir 192,2 ma.kr. sem tapaðar kröfur. Áætlað tap Seðlabankans og ríkissjóðs vegna lánveitinga til bankakerfisins fyrir hrun var því samtals 267,2 ma.kr. Kröfur sem ríkissjóður yfirtók frá Seðlabankanum voru síðar færðar aftur til bankans sem stofnaði sérstök félög til þess að fara með umsýslu þeirra. Ríkisendurskoðun telur of snemmt að fjalla almennt um árangur af umsýslu þeirra eigna sem bankinn eignaðist eftir hrun bankakerfisins.

## 4. Sala á hlutum í bönkum

### a. Íslandsbanki

Íslandsbanki var stofnaður með 775 m.kr. stofnframlagi sem greitt var inn á genginu 1 kr. fyrir hlut í október 2008. Á hluthafafundi Íslandsbanka 14. ágúst 2009 skrifaði ríkið sig fyrir 64,225 ma.kr. hluti í bankanum sem greiddur var inn á genginu 6,5 kr. fyrir hlut. Útgefnir hlutir í Íslandsbanka voru því 10 ma.kr. og innborgað hlutafé nam 65 ma.kr. Ríkið veitti Glitni kauprétt á 95% af útgefnu hlutafé í bankanum gegn greiðslu sem samsvaraði því skuldabréfi sem Íslandsbanki hafði gefið út til Glitnis vegna nettóstöðu, upphaflega 52 ma.kr.

*Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 38. bls.:*

Ef SSH tekur gildi mun Íslandsbanki millifæra til Glitnis ríkisskuldabréf, sem hafa verið færð til hans af FJR vegna ofangreindrar stofnfjármögnunar. Þessi ríkisskuldabréf verða samtals jöfn að fjárhæð og Skuldabréf A sem lýst er hér á eftir hefði verið ef það hefði verið gefið út að viðbættum uppsöfnuðum og ógreiddum vöxtum. Glitnir mun nota fyrrnefnd ríkisskuldabréf til að kaupa 9,5 ma. hluti í Íslandsbanka, en það samsvarar 95% af útgefnu hlutafé. Jafnframt afsalar Glitnir sér öllum réttindum samkvæmt SVS.

Skuldabréf A var gefið út af Íslandsbanka til Glitnis vegna þess að nettóeignir sem Íslandsbanki tók yfir frá Glitni voru samkvæmt mati 52 ma.kr. hærri, skuldabréfið var gefið út í evrum og hljóðaði upp á 346.182.012 evrur og miðað var við gengi 15. október 2008: EUR/ISK 150,21.

Ætla má að verðmæti skuldabréfs A með áföllnum vöxtum 15. október 2009 hafi verið um 366 milljónir evra sem samsvarar 67,1 ma.kr. á gengi þess dags.

Hinn 9. mars 2009 yfirtók FME Straum og 17. mars 2009 voru innstæður Straums fluttar til Íslandsbanka gegn útgáfu Straums á skuldabréfi að fjárhæð 43,7 ma.kr. Samhliða þessu var Íslandsbanka veittur lausafjárstuðningur og bankanum afhent ríkisskuldabréf sem veðtækt var hjá Seðlabanka Íslands. Íslandsbanka bar að afhenda ríkinu til baka bréf þetta í takt við afborganir Straums af sínu bréfi. Bréf þetta bar vexti REIBOR + 1,9% álag fyrstu 12 mánuði og 1% álag eftir það. Samhliða þessu var gerður samningur um lausafjárstuðning við Íslandsbanka.

Ríkið greiddi 775 m.kr. og afhenti 64,225 milljón hluti af RIKH 18 1009 auk áfallinna vaxta á skuldabréfið frá 9. október 2008, samtals 9,1 ma.kr. Íslandsbanki endurgreiddi síðar 8 ma.kr. af þessum vöxtum. Heildargreiðsla ríkisins er því 66 ma.kr.

Íslandsbanki endurgreiddi ríkinu hlutafjárframlag sitt með því að afhenda því til baka ríkisskuldabréf að fjárhæð 33,8 ma.kr. en 24,8 ma.kr var haldið eftir vegna kaupa ríkisins á víkjandi láni af Íslandsbanka. Nettógreiðsla ríkisins fyrir 5% hlut sinn í Íslandsbanka er því 7,3 ma.kr.



Hér er við skiptingu horft framhjá því að bankinn var rekinn á ábyrgð ríkisins í heilt ár, en hækkun eiginfjár sem komin er til vegna rekstrar bankans frá yfirtöku og til 31. desember 2009 er 26,2 ma.kr. sem hefðu átt að renna til ríkisins sem var eigandi bankans á tímabilinu og bar af honum alla áhættu.

Ef menn hefðu kosið að líta svo á að þar sem Glitnir væri tilbúinn að leggja nettóeignir inn sem hlutafé væri eðlilegt að þeir myndu njóta hagnaðar bankans frá yfirtöku. Þá hefðu skiptahlutföllin væntanlega átt að taka mið af stofnframlagi í upphafi, þ.e. 52 ma.kr. af 65 ma.kr. í Glitni hefðu þá átt að gefa 80% í bankanum en ekki 95%.

## 5. Samantekt Íslandsbanki

Ríkið gaf eftir eiginfjáruppbyggingu bankans.

Ríkið gaf eftir réttinn til að gera upp skuld við gamla bankann á gengi sammingsdags.

Ríkið greiðir 7,3 ma.kr. fyrir 5% hluta í bankanum eða rúmlega tvöfalt nafnverð meðan Glitnir greiddi með 52 ma.kr. skuldabréfi sem var vaxtareiknað og fært í erlenda mynt.

Ríkið veitti víkjandi lán að fjárhæð 25 ma.kr. með vöxtum sem voru aðeins 1% hærri en á láni Glitnis til Íslandsbanka sem tryggt var með veðrétti án þess að tekið væri tillit til þess við skiptingu eigna.

Ríkið veitti lausafjárþyrirgreiðslu upp á 25 ma.kr. sem veitt var Íslandsbanka í tengslum við kaup Glitnis á hlut í Íslandsbanka sbr. kafla 3.1.5. *Samningur um lausafjárþyrirgreiðslu*, í skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 49. bls. Samt sem áður kemur fram í svari Fjársýslunnar til fjárlaganefndar að engin lausafjárþyrirgreiðsla hafi verið veitt.

Í tengslum við uppgjör á kröfu Seðlabankans vegna veðsettra húsnæðislána er óljóst hvort bankinn gaf eftir hluta af þeim vöxtum sem hann átti rétt á

Áhætta ríkisins af Íslandsbanka gat því numið allt að 32,3 ma.kr og 57,3 ma.kr. ef lausafjárþyrirgreiðsla hefði verið nýtt, væntanlega að viðbættri lausafjárþyrirgreiðslu vegna Straums. Framlag Glitnis var 52 ma.kr. Þrátt fyrir þetta fékk Glitnir 95% af ávinningnum.

### b. Landsbankinn

Nýi Landsbankinn var stofnaður með 775 m.kr. stofnframlagi sem greitt var inn á genginu 1 kr. fyrir hlut í október 2008. Hinn 15. desember 2009 var gert samkomulag um að auka hlutafé bankans. Ríkið skrifaði sig fyrir 18.725 m.kr. hlutum og greiddi fyrir með útgáfu á 121.225.000.000 hlutum af RSKH 18 1009. Gamli bankinn skrifaði sig fyrir 4.480 milljón

hlutum á genginu 6,25 kr. fyrir hlut. Heildarhlutafé bankans var því 24 ma.kr. og innborgað hlutafé var 150 ma.kr.

Samhliða þessu var samið um skuldabréf vegna þess að nettóeignir þær er nýi bankinn tók yfir voru metnar 274.800 ma.kr. hærri en þær skuldir sem yfirteknar voru.

*Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 60. bls.:*

Við skuldalúkningu LBI samkvæmt RASÚS mun NBI gefa út skuldabréf í þremur myntum að fjárhæð EUR 870.788.398,42, GBP 275.001.322,12 og USD 734.255.859,93. Nafnverð skuldabréfanna var samtals 260 ma.kr. miðað við tilgreint gengi gjaldmiðla þann 30. september 2008, en markaðsverðmæti þeirra var metið 247 ma.kr. vegna hagstæðra vaxtakjara skuldabréfanna fyrstu fimm árin.

Ef verðmæti þessara skuldabréfa er reiknað upp miðað við skráð miðgengi Seðlabanka Íslands hinn 30. september 2008 er verðmæti þeirra í íslenskum krónum 251,5 ma.kr. og 253,2 ma.kr. miðað við sama gengi 9. október 2008.

Hlutafé gamla bankans í þeim nýja var því að hluta til greitt með mismun á mati markaðsvirðis þessara skuldabréfa og nafnverði skuldabréfa.

Þessi samningur var gerður 15. desember 2009 til að gera upp skuld sem var að nafnvirði upp á 274.800 ma.kr. Þau skuldabréf sem samið var um að bankinn afhenti voru hins vegar reiknuð yfir í íslenskar krónur á þeim sama degi að ígildi 309,6 ma.kr.

Í tengslum við útgáfu á 92 ma.kr. skilyrtu skuldabréfi veitti gamli bankinn ríkinu kauprétt á hlutafé sínu í bankanum. Ríkið greiddi gamla bankanum 2 ma.kr. fyrir þennan kauprétt og fór sú greiðsla fram með þeim hætti að yfirverðsreikningur hlutafjár var lækkaður um samsvarandi upphæð sem þá var færð til hækkunar skuldar við gamla bankann. Þetta er óvenjuleg færsla enda hefur yfirverðsreikningur hlutafjár almennt ekki verið talinn til frjálstra sjóða og því óheimilt að nota hann til útgreiðslu arðs, sbr. úrskurð yfirskattanefndar 163/2013.

*Úr ársreikningi Landsbankans 2009, 30. bls.:<sup>7</sup>*

*Knock-in forward derivative*

Upon the issue of the contingent bond Landsbanki Íslands hf. is required by the terms of the agreements signed on 15 December 2009 to surrender to the Icelandic Government all or some of the shares in the Bank that Landsbanki Íslands hf. has received as compensation for the assets and liabilities transferred to the Bank. The number of the shares to be surrendered depends on and is directly proportional to the nominal value of the contingent bond. The management of the Bank has concluded that the Icelandic Government's right to receive the shares from Landsbanki Íslands hf. is a knock-in forward derivative paid for by the Bank indirectly, as part of the consideration transferred to Landsbanki Íslands hf. Accordingly, the Bank accounts for the fee that the Icelandic Government would have paid in an arm's length transaction as a deemed capital distribution in the amount of ISK 2 billion.

### c. Vextir á hlutafjárloforð

Áfallnir vextir á þau RIKH 18 01009 skuldabréf sem ríkið afhenti Landsbankanum sem hlutafé voru hinn 15. desember 2009 18.588 m.kr. Samsvarandi áfallnir vextir á framlag gamla bankans voru 4.270 m.kr.

Samkvæmt ársreikningi Landsbankans voru þeir greiddir með eftirfarandi hætti:

Úr ársreikningi Landsbankans 2009, 38–39.bl.s.:

#### 15. Unpaid capital contribution

In 2008, the Icelandic State committed itself to fund the Bank by a capital contribution amounting to ISK 149,225 million. The equity contribution was finalised in the Government Capitalisation Agreement as of 15 December 2009, according to which the Icelandic State provided a government bond to the Bank on 30 December 2009 which had a nominal value of ISK 121,225 million plus the interest accrued since 9 October 2008 in the amount of ISK 18,588 million. The remaining ISK 28,000 million plus the interest accrued since 9 October 2008 in the amount of ISK 4,270 million was settled through offset against provisional liability with Landsbanki Íslands hf. (see Note 20). Any interest accrued on unpaid capital contribution at year-end is included in the line item "Other assets" in the balance sheet.

#### 20. Provisional liability due to Landsbanki Íslands hf.

	Carrying amount
Recognised due to acquisition of net assets from Landsbanki Íslands hf. on 9 October 2008	274,800
Accrued interest	6,611
Foreign exchange difference	23,646
<b>At 31 December 2008</b>	<b>305,057</b>
Additional provision made in the period	2,000
Accrued interest	13,148
Foreign exchange difference	24,233
Settlement through borrowings	(312,168)
Settlement through offset against capital contribution	(28,000)
Settlement through offset against interest on capital contribution	(4,270)
<b>At 31 December 2009</b>	<b>0</b>

Further information about the provisional liability is disclosed in Note 4.

Uppreiknuð staða þeirra skuldabréfa sem gefin voru út til greiðslu á 274,8 ma.kr. skuld nýja bankans við gamla bankann var í árslok miðað við skráð miðgengi Seðlabanka Íslands 285,2 ma.kr. og áfallnir vextir miðað við vaxtakjör bréfa 4,3 ma.kr. Uppreiknuð staða miðað við 31. desember 2008 er því 289,5 ma.kr. miðað við fyrirbyggjandi gögn. Staðan er talin vera 305 ma.kr. í bókum bankans og munar 15,5 ma.kr. Þessi munur er óútskýrður.

Staða þessarar skuldar með áföllnum vöxtum var 306,5 ma.kr. í bókum bankans þann 31. desember 2009, og var þá búið að draga frá 28 ma.kr. vegna hlutafjárframlags og 4,3 ma.kr. vegna vaxta á hlutafjárframlag auk þess sem ætla má af skýringu 21 (sjá hér á eftir) að greiddir hafi verið vextir af fjárhæðinni fyrir tímabilið 9. október 2008 til 9. október 2009, því áfallnir vextir eru þar tilgreindir sem 3,2 ma.kr.

## Úr ársreikningi Landsbankans 2009, 39. bls.:

### 21. Borrowings

Senior secured bonds	Nominal amounts		Contractual interest rate (%)	Carrying amount	
	Foreign currency	ISK		2009	2008
EUR	871 million	156,519	EURIBOR + 1.75/2.90	158,573	-
GBP	275 million	55,316	LIBOR + 1.75/2.90	56,086	-
USD	734 million	91,456	LIBOR + 1.75/2.90	91,834	-
<b>Total</b>		<b>303,291</b>		<b>306,493</b>	<b>0</b>

The senior secured bonds mature in October 2018 and do not have instalment payments during the first 5 years. The interest rates are 3 months EURIBOR for the EUR-denominated bond and 3 months LIBOR for the GBP and USD-denominated bonds, plus a margin of 1.75% for the first 5 years and a margin of 2.90% for the remaining 5 years. On or after 30 June 2010, bondholders have the right to require the Bank to convert the bonds into Eurobonds. Upon such conversion, the Bank will make reasonable endeavours to list such Eurobonds on a qualified stock exchange, as soon as feasible following conversion.

The Group did not default on any principal and interest nor breached any covenants with respect to liabilities during the reporting period.

Kostnaður við hlutafjárúkningu var 102 m.kr. og var hann greiddur af ríkinu með lækkun á yfirverðsreikningi bankans. Auk þess tók nýi bankinn á sig að greiða 2 ma.kr. af kostnaði til þess gamla.

## Úr ársreikningi Landsbankans 2009, 46. bls.:

### Acquisition-related costs

Integral to the negotiation process was an agreement between the Bank and Landsbanki Íslands hf. regarding the net claim that the Bank had on Landsbanki Íslands hf. relating to the Bank's opening balance sheet. As a result of this agreement, ISK 2 billion was expensed as acquisition-related cost in the 2008 consolidated income statement (see Note 35).

### 35. Acquisition-related costs

	7.10-31.12.	
	2009	2008
Cost of acquisition of assets and liabilities from Landsbanki Íslands hf.	886	1,072
Claims on Landsbanki Íslands hf. which were written off due to a settlement agreement with Landsbanki Íslands hf.	158	2,000
<b>Total</b>	<b>1,044</b>	<b>3,072</b>

Integral to the negotiation process was an agreement between the Bank and Landsbanki Íslands hf. regarding the net claim that the Bank had on Landsbanki Íslands hf. relating to the Bank's opening balance sheet. As a result of this agreement, ISK 2 billion was expensed as acquisition-related cost in the 2008 consolidated income statement.

## 6. Samantekt Landsbanki

Ríkið greiddi tæplega 19 ma.kr. í vexti af hlutafjárloforðum. Landsbankinn endaði næstum því að öllu leyti í eigu ríkisins. Hagnaður sá er myndaðist vegna vaxtagreiðslna endaði á að verða eign ríkisins.

Ákveðið var við útgáfu á skuldabréfum í EUR, GBP og USD að miða við ákveðið gengi og það lagt til grundvallar við uppgjör á nettóeign umfram skuldir sem var þá í íslenskum krónum 274.800 ma.kr. Óskýrt er hvernig þessi skuld varð að 306,5 ma.kr. í lok árs 2009 eftir að vextir höfðu verið greiddir í fjóra ársfjórðunga og gamli bankinn hafði greitt 28 ma.kr. í hlutfé ásamt vöxtum upp á 4,3 ma.kr.

#### d. Arion

Arion var stofnaður með 775 m.kr. stofnframlagi sem greitt var inn á genginu 1 kr. fyrir hlut í október 2008. Á hluthafafundi Arion 14. ágúst 2009 skrifaði ríkið sig fyrir 11.870.833.333 hlutum í bankanum sem greiddir voru inn á genginu 6 kr. fyrir hlut. Útgefnir hlutir í Arion voru eftir þessa aukningu 12.645.833.333 og innborgað hlutafé 72 ma.kr. Allt hlutafé var í eigu ríkisins eftir þessa aukningu.

Nettóeignir Arion reyndust vera minni en þær skuldir sem teknar voru yfir af bankanum og skuldaði því gamli bankinn þeim nýja 38 ma.kr.

*Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, bls.50:*

Í þessum kafla er lýst samningum milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins (FJR), Arion banka og Kaupþings banka, en þann 20. júlí 2009 náðu FJR og skilanevnd Kaupþings rammasamkomulagi um stofnfjármögnun Arion og fyrirkomulag vegna yfirfærslu innlendra eigna og skulda til Arion. Samningurinn er að því leyti frábrugðinn samningum um Íslandsbanka að eignir yfirfærðar til Arion reyndust verðminni en yfirfærðar innstæður. Því reyndist nauðsynlegt til að ná jöfnuði í yfirfærðum eignum og skuldum að Kaupþing gæfi út skuldayfirlýsingu til Arion og setti í aðgreinda vörslu tilgreindar eignir sem Arion hefði ákveðin réttindi í til viðbótar við yfirfærðar eignir sem Arion fengi vaxtatekjur af.

Samningur ríkisins við Kaupþing gerði ráð fyrir að Kaupskil ehf. (Kaupskil) sem voru í 100% eigu Kaupþings skrifuðu sig fyrir 87% hlutafjár í bankanum. Áskriftin var með hefðbundnum skilyrðum vegna fjárfestingar.

*Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 51. bls.:*

Ef skilyrðum fyrir stofnfjármögnun Kaupþings væri fullnægt yrði hlutafé Arion aukið og Kaupþing myndi kaupa nægilega marga hluti í Arion til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Til endurgjalds myndi Kaupþing færa ákveðnar eignir til Arion en á sama tíma myndi FJR ákveða lækkun hlutafjár í Arion og fá í þess stað millifært til sín ríkisskuldabréf í samræmi við samninginn.

Fjárhæð í ríkisskuldabréfum sem ríkið mun leggja fram í formi víkjandi láns yrði haldið eftir af Arion til endurgjalds fyrir útgáfu Arion á hinu víkjandi skuldabréfi. Að hinni sameiginlegu stofnfjármögnun lokinni tæki hluthafasamkomulagið gildi.

Samningurinn milli skilanevndar og ríkisins var undirritaður 3. september 2009 og gerði hann ráð fyrir að skilyrði væru uppfyllt fyrir 31. október 2009. Ekki náðist að uppfylla skilyrðin fyrir þann tíma og gjörningnum var í raun ekki lokið fyrr en 8. janúar 2010. Samningurinn gerði ráð fyrir að ríkið legði fram 35% af stofnframlagi og Kaupþing 65%. Framlag Kaupþings væri að öllu leyti hlutafé en framlag ríkisins yrði í formi víkjandi láns og hlutafjár. Víkjandi lán ríkisins átti að vera 4% af eiginfjárgrunni og upphaflega var gert ráð fyrir að það væri 25 ma.kr. en niðurstaðan varð 29,6 ma.kr. Víkjandi lán þetta sem gefið var út í evrum var með ársfjórðungslegum

vaxtagreiðslum og fljótandi vöxtum, EUROBOR að viðbættu 4% álagi. Arion gat hvenær sem er breytt þessu skuldabréfi í hlutafé, og gat ríkið þá valið um almennt hlutafé eða atkvæðalaus forgangsbréf sem bæru vexti er samsvöruðu áhættulausum vöxtum á ISK að viðbættu 4% álagi, þ.e. víkjandi evrubréf sem Arion gæfi út með breytirétti skuldara. Ríkið keypti þetta bréf sem var upp á 162.899.906 evrur og bar vexti frá 8. janúar 2010. Vextir á bréfinu voru þriggja mánaða EUROBOR-vextir að viðbættu 4% álagi og greitt var fyrir það með afhendingu á 29.408.320.000 bréfum af RIKH 18 1009 sem er hluti af þeim bréfum sem ríkið átti að fá endurgreidd í tengslum við hlutafjárþækkun Arion og kaup Kaupskila á 87% hlut í bankanum.

Líkt og í Landsbankanum og Íslandsbanka var ágreiningur um verðmat eigna og var sá ágreiningur gerður upp með þeirri aðferð að láta innheimtur frá sérgreindum skuldurum ráða endanlegri greiðslu vegna yfirtekinna nettóeigna. Í tilviki Arion var gamli bankinn hins vegar í skuld við þann nýja. Í tilviki Landsbankans og Íslandsbanka var sú leið farin að gefa út skuldabréf þar sem endanlegur höfuðstóll átti að markast af innheimtu. Í tilviki Arion var farin sú leið að búa til skilyrtan virðisrétt sem notaður væri til að gera upp skuld gamla bankans við Arion.

Kaupþing lagði svo fram eignir í vörslu til Arion til að þekja mismuninn á 38 ma.kr. skuld sinni og heimtum undir skilyrtum virðisrétti. Fyrsta apríl ár hvert átti Kaupþing að leggja fram mat vörslueigna miðað við lok ársins á undan. Allar tekjur af vörslueignum átti að leggja inn á vaxtareikning Kaupþings og var umframfjárhæð laus til útborgunar. Ef mat vörslueigna á matsdegi væri undir verðmæti skuldar átti Kaupþing að leggja fram frekari eignir til vörslu. Ef það væri ekki gert teldist samningurinn niður fallinn og Arion gæti þá yfirtekið vörslueignir og selt. Reyndist söluverð hærra en skuldin átti Arion að greiða Kaupþingi mismuninn en reyndist það lægra ætti Kaupþing að greiða Arion muninn og yrði sú krafa Arion forgangskrafa í bú Kaupþings.

Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 53. bls.:

### 3.2.2.1. Samningur um vörslu og skilyrtan virðisrétt

Samningur um vörslu og skilyrtan virðisrétt (SVSV) kveður á um hvernig eignir Kaupþings eru látnar í vörslu til að þekja virði þess sem upp á vantar vegna færslu eigna og skulda frá Kaupþingi til Arion. Það sem upp á vantar er metið á 38 ma.kr. en af því ber að greiða vexti. Samþykkt er að helmingur þess sem upp á vantar verði talinn skuld í íslenskum krónum sem ber vexti sem eru 0,15% yfir meðalvöxtum greiddum af Arion af innlánsreikningi Kaupþings hjá Arion. Hinn helmingurinn skal teljast vera skuld í EUR sem ber eins mánaðar EURIBOR vexti að viðbættu 1,75% álagi. Fjárhæðin sem upp á vantar getur aldrei orðið hærri en 38 ma.kr. að undanskildu því sem nemur gjaldföllum vöxtum og gengisflökti samkvæmt SVSV.

Þá fær Kaupþing skilyrtan virðisrétt á safni stærstu lána Arion sem samanstendur af um 67% af millifærsluvirði heildarlánanna til viðskiptavina og 50% af brúttóvirði millifærðra eigna. Hugsanlegum ábata umfram væntan hagnað af eignunum verður skipt milli Arion og Kaupþings þannig að Kaupþing fær 80% af ábatanum þar til náðst hefur að endurheimta 38 ma.kr. og 50% af næstu 10 ma.kr. í endurheimtu. Ábatinn verður eignfærður á móti því er vantaði upp á upphaflega vegna færslu nettóeigna til Arion. Samkomulagið gildir til 30. júní 2012. Kaupþing mun einnig greiða umsamda vexti af því sem upp á vantaði í upphafi til Arion þar til það sem upp á vantaði verður endurheimt eða eignir að jafnhárrí fjárhæð verða millifærðar til Arion.

Kaupþingi var einnig veittur réttur til að taka til baka eignir sem metnar höfðu verið inn á núllvirði í stofnefnahagsreikningi Arion.

Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 51. bls.:

Á sex mánaða tímabili frá undirritun samnings skulu millifærðar eignir, sem metnar voru á núllvirði í stofnefnahagsreikningi Arion, færðar til baka til Kaupþings á núllvirði ef Kaupþing biður um það.

Samhliða þessu var gengið frá samkomulagi við Kaupþing vegna veðlánaviðskipta gamla bankans hjá Seðlabanka Íslands. Húsnæðislán og lán til opinberra aðila voru framseld til Arion gegn lánasamningi Seðlabanka við Arion. Lánið var fjölmyntalán og var það uppreiknað á 61,3 ma.kr. miðað við 8. janúar 2010. Þrátt fyrir að gengið hafi verið frá þessum samningi 30. nóvember 2009 komu áhrif hans ekki fram í efnahagsreikningi bankans 31. desember 2009 og svo virðist sem samningurinn tengist frágangi á greiðslu Kaupþings á 87% af hlutfé bankans.

Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 58. bls.:

### 3.2.6. Samkomulag Kaupþings og Seðlabankans um húsnæðislán

Í tengslum við yfirtöku Kaupþings á 87% eignarhlut ríkisins í Arion var gengið frá samkomulagi um m.a. gjaldfallin dag- og veðlán sem Seðlabankinn hafði veitt Kaupþingi fyrir fall hans í október 2008. Að því marki sem um var að ræða lán tryggð með veði í húsnæðislánum og/eða lánum til ríkisfyrirtækja og sveitarfélaga varð það að samkomulagi að þau lán yrðu framseld til Arion gegn lánsamningi Arion við Seðlabankann. Samkomulag þetta var gert 30. nóvember 2009.

Til að stuðla að auknu jafnvægi í gjaldeyrisjöfnuði Arion var samið um fjölmyntalán. Höfuðstóll lánsamningsins var að jafnvirði 61,3 ma.kr. miðað við 8. janúar 2010. Lánsamningurinn er til 7 ára en hægt er að framlengja hann í 6 ár til viðbótar. Vaxtakjör lánsamningsins eru þriggja mánaða erlendir millibankavextir að viðbættu 3% álagi. Lánsamningurinn er veðtryggður með öllum þeim lánsamningum sem upphaflegu höfðu verið veðsettir Seðlabankanum.

Vegna yfirtöku FME á SPRON og yfirfærslu innlána SPRON til Arion var gert samkomulag um lausafjárfyrirgreiðslu til handa Arion enda hafði fjármálaráðuneytið lofað Arion skaðleysi af SPRON-viðskiptum. Ríkið lofaði því að lána Arion allt að 75 ma.kr. af ríkisskuldabréfum gegn veði í SPRON-skuldabréfi.

Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 57. bls.:

### 3.2.4. Flutningur á innstæðum SPRON til Arion

Þann 21. mars 2009 ákvað FME á grundvelli heimilda sinna skv. neyðarlögunum að yfirtaka vald stjórnar og hluthafafundar í SPRON og skipa honum skilanevnd. Þá ákvað FME að flytja hæfar innstæður SPRON til Arion banka, eftir hafa haft samráð við skilanevndina, kröfuhafa, Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytið, til að tryggja innstæðueigendum aðgang að innstæðum sínum. Þá ákvað FME að SPRON skyldi stofna sérstakt hlutafélag (sem fékk nafnið Drómi ehf.) að fullu í sinni eigu sem myndi yfirtaka allar eignir SPRON þar með talin veðréttindi og ábyrgðir. Drómi tók einnig yfir skuldbindingar SPRON gagnvart Arion vegna flutnings á innstæðum og skyldi gefa út skuldabréf til Arion sem samsvaraði yfirteknum innstæðukröfum með veði í öllum eignum félagsins ásamt hlutfjáreign SPRON í Dróma, hið svokallaða SPRON-skuldabréf.

Á árinu 2009 tók Arion einnig yfir eignir og skuldir Sparisjóðs Mýrarsýslu og hluta af eignasafni Sparisjóðabanka Íslands.

Úr ársreikningi Arion 2009, 9. bls.:<sup>8</sup>

<sup>8</sup> [https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Starfsemi/Uppgjor-og-arsskyrslur/Uppgjor/Arion\\_banki\\_hf\\_Consolidated\\_Financial\\_Statements\\_-\\_31.12.2009\\_-\\_FINAL.PDF](https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Starfsemi/Uppgjor-og-arsskyrslur/Uppgjor/Arion_banki_hf_Consolidated_Financial_Statements_-_31.12.2009_-_FINAL.PDF)



#### Non-cash investing and financing transactions:

The following non-cash investing and financing transactions that occurred during 2009 have been excluded from the Consolidated Statement of Cash Flows:

1. An equity contribution by the Icelandic state of amount ISK 71,225 million was settled through the receipt of Icelandic government bonds (refer note 89).
2. Deposits and overdrafts were transferred to the Bank from SPRON and Sparisjódabanki Íslands hf. in consideration for a bond claim on Drómi ehf. of amount ISK 91,489 million and Sparisjódabanki Íslands hf. of amount ISK 371 million respectively (refer note 34).
3. The net assets of Sparisjódur Mýrasýslu were acquired by way of the issuance of bonds to creditors of nominal amount ISK 9,714 million (refer note 35).
4. The net assets of subsidiaries acquired with a view to resale, with a fair value of ISK 11,255 million, and disposal groups held for sale, with a fair value of ISK 19,689 mln were acquired through the foreclosure on collateral held against loan balances to these entities (refer notes 36 and 79).

#### Úr ársreikningi Arionbanka 2009, 24.–25. bls.:

The financial impact of this acquisition at fair value is:	22.03.2009
Loans and receivables to customers .....	5,188
Bonds .....	91,489
Deposits from customers .....	(96,055)
Deposits from credit institutions .....	(621)
<b>Total .....</b>	<b>-</b>

As consideration, Sparisjódabanki Íslands hf. issued a bond claim on Sparisjódabanki Íslands hf. in the sum of ISK 371 million to Arion banki hf.

The financial impact of this acquisition at fair value is:	22.03.2009
Loans and receivables to customers .....	1,073
Bonds .....	371
Deposits from customers .....	(1,444)
<b>Total .....</b>	<b>-</b>

The financial impact of the acquisition of SPM is shown in the table below at fair value:	03.04.2009
Cash and cash balances with Central Bank .....	805
Loans and receivables to credit institutions .....	(5,371)
Loans and receivables to customers .....	33,211
Bonds and debt instruments .....	595
Shares and equity instruments .....	289
Investment property .....	153
Investment in associates .....	436
Property and equipment .....	692
Other assets .....	1,624
Due to credit institutions and Central Bank .....	(2,844)
Deposits .....	(19,835)
Borrowings .....	(7,769)
Other liabilities .....	(1,945)
Minority interest .....	(40)
<b>Total .....</b>	<b>-</b>

*Hlutfjárlækkun og hlutfjárhækkun Arion 8. janúar 2010.*

		hlutir	Isk greiðsla	Yfirverð	Gengi
Ríkið greiðir	14.8.2009	11.870.833.333	71.225.000.000	59.354.166.667	6,00
stofn framlag	21.10.2008	775.000.000	775.000.000	-	1,00
<b>Staðan þan 31.12.2009</b>		<b>12.645.833.333</b>	<b>72.000.000.000</b>	<b>59.354.166.667</b>	<b>5,69</b>
hlutfé fært niður	8.1.2010 -	12.385.833.333	- 62.137.931.035	- 49.752.097.702	5,02
<b>Staða eftir niðurfærslu</b>		<b>260.000.000</b>	<b>9.862.068.965</b>	<b>9.602.068.965</b>	37,93
Hlutfár hækkun	8.1.2010	1.740.000.000	66.000.000.000	64.260.000.000	37,93
<b>Staðan þan 9.01.2010</b>		<b>2.000.000.000</b>	<b>75.862.068.965</b>	<b>14.507.902.298</b>	<b>37,93</b>

Hlutfé Arion var lækkað um 12.385.833.333 hluti 8. janúar 2010 og átti ríkið að fá til baka ígildi 62.137.931.035 af RIKH 18 1009. Ríkið notaði hluta af þessum skuldabréfum til að greiða fyrir víkjandi lán sem Arion gaf út upp á 29.530 m.kr. Nettó átti ríkið þá að hafa fengið til baka sem samsvaraði 32.595 m.kr. í formi RIKH 18 1009 ríkisbréfa.

Samhliða þessu var hlutfé bankans aukið um 1.740 milljón hluti gegn greiðslu á 66 ma.kr. frá Kaupskilum. Innborgun þessi átti sér stað með eftirfarandi hætti samkvæmt sérfræðiskýrslu Deloitte sem liggur frammi hjá fyrirtækjaskrá:

- Með því að lán sem metin höfðu verið á núlli inn í stofnefnahag bankans og tekin höfðu verið yfir af Kaupþingi skv. samkomulagi voru aftur lögð inn í bankann en þá metin á 28.770.593.951 kr. samkvæmt verðmatskýrslu Capacent miðað við stöðuna 30. júní 2009.
- Með því að leggja inn íbúðalán ásamt lánnum til sveitarfélaga, opinberra hlutafélaga, ríkisfyrirtækja, kirkna og annarra smærri aðila að verðmæti a.m.k. 22.801.577.592 kr. umfram skuldir.
- Með reiðufé 14.427.828.457 kr. Reiðufé þetta virðist hins vegar ekki hafa verið greitt beint til bankans heldur kemur það fram sem lækkun á inneignum Seðlabanka og fjármálastofnana hjá Arion, sbr. sjóðstreymi bankans fyrir árið 2010.

Hlutfjáraukning Arionbanka að fjárhæð 66 ma.kr. var því í formi endurmats á lánasafni og yfirtöku Arionbanka á lánasafni sem tengdist íbúðalánnum og lánnum til opinberra aðila sem Kaupþing hafði fyrir hrun veðsett Seðlabanka Íslands og endurmati á lánasafni sem FME og Deloitte LLP höfðu áður metið á núllvirði.

Það hlutfé sem Kaupskil greiddu inn í Arion fyrir 87% hlut sinn var því eingöngu í formi lánapappíra og lækkunar á skuldum við fjármálastofnanir. Því kemur ekki á óvart að lausafjárstaða bankans hafi verið þung og að ríkið hafi leyst það mál með loforði um að lána ríkisskuldabréf upp á 75 ma.kr. til að tryggja greiðsluhæfi bankans.

Það eignasafn sem Seðlabankinn afhenti Kaupþingi í tengslum við uppgjör á veðlánaviðskiptum, og framseldi að hluta eða öllu leyti til Arion og Kaupskila, var a.m.k. rúmlega 84 ma.kr. virði, enda var það framselt með áhvílandi veðskuldum upp á 61,252 ma.kr.

Ekki liggur fyrir hvert tjón Seðlabankans varð af veðlánaviðskiptunum við Kaupþing en hluti krafna Seðlabankans á slitabúið er komið til vegna þessara viðskipta.

Úr ársreikningi Arionbanka 2010, 69. bls.:<sup>9</sup>

Non-cash investing and financing transactions:		
Loans and receivables received through changes in capitalization, see note 35 .....	112,824	-
Bonds and debt instruments delivered through changes in capitalization, see note 35 .....	(32,595)	-
Liabilities due to credit institutions and central bank		
transferred due to changes in capitalization, see note 35 .....	14,428	-
Borrowings transferred due to changes in capitalization, see note 35 .....	(61,252)	-
Subordinated loans transferred due to changes in capitalization, see note 35 .....	(29,543)	-
Net changes in equity due to changes in capitalization .....	(3,862)	-
Equity contribution by the Icelandic state settled		
through the receipt of Icelandic government bonds .....	-	71,225
Bond claim on Drömi and Sparisjóðabanki Íslands hf. in consideration for deposits and overdrafts ..	-	91,860
Deposits and overdrafts transferred from Spron and Sparisjóðabanki Íslands hf .....	-	(91,860)
Assets acquired from Sparisjóður Mýrasýslu .....	-	9,714
Bond issued to the creditors of Sparisjóður Mýrasýslu .....	-	(9,714)
Assets acquired through foreclosure on collateral from legal entities with view to resale .....	9,816	30,944
Settlement of loans and receivables through foreclosure on collateral from legal entities with view to resale .....	(9,816)	(30,944)

Úr ársreikningi Arionbanka 2010, 84. bls.:

These Consolidated Financial Statements reflect changes in capitalization following the changes in ownership of Arion banki hf. 8 January 2010.

Changes following shareholder approval 8 January 2010:

<b>Assets</b>		8.1.2010
Loans and receivables to customers .....	112,824	
Bonds and debt instruments .....	(32,595)	
	<b>Total Assets</b>	<b>80,229</b>
<b>Liabilities</b>		
Due to credit institutions and Central Bank .....	(14,428)	
Borrowings .....	61,252	
Subordinated liabilities .....	29,543	
	<b>Liabilities</b>	<b>76,367</b>
<b>Equity</b>		
Share capital .....	(10,646)	
Share premium .....	14,508	
	<b>Total Equity</b>	<b>3,862</b>
	<b>Total Liabilities and Equity</b>	<b>80,229</b>

<sup>9</sup> [https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Starfsemi/Uppgjor-og-arsskyrslur/arsskyrslur/Annual\\_Report\\_2010\\_loka%C3%BAtg%C3%A1fa\\_vefur.pdf](https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Starfsemi/Uppgjor-og-arsskyrslur/arsskyrslur/Annual_Report_2010_loka%C3%BAtg%C3%A1fa_vefur.pdf)

With new shareholder and changes in capitalization the share capital was increased by ISK 66,000 million. The capital increase consists of the following transactions:

<b>Capitalization</b>	8.1.2010
ISK mortgage loans .....	6,584
Due to credit institutions and Central Bank .....	14,428
Corporate loans .....	28,770
Other loans .....	16,218
	<u>66,000</u>
<b>Related funding agreement with Central Bank</b>	
FX mortgage loans .....	38,094
ISK mortgage loans .....	23,158
Borrowings .....	<u>(61,252)</u>
	-

## 7. Samantekt Arion

Ríkið gaf eftir megnið af eiginfjáruppbyggingu bankans upp á tæpa 18 ma.kr., fyrir utan 6,5 ma.kr. arðgreiðslu sem kom á fyrsta árfjórðungi 2012 og var þá lánuð aftur af ríkinu í formi víkjandi láns.

*Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, 51. bls.:*

Fyrir það tímabil sem Arion var að fullu í eigu ríkisins ber því arður af rekstri bankans samkvæmt nánara samkomulagi.

Óljóst er með hvaða hætti var gengið frá kröfum og tryggingum Arion vegna kröfu á Kaupþing.

Ekki er vitað hvenær og hvernig endurgreiðsla hlutafjár fór fram, þrátt fyrir fyrirspurnir þar um til opinberra stofnana.

Ríkið veitti víkjandi lán upp á 25 ma.kr. en það varð 32 ma.kr. með ótrúlega hagstæðum vaxtakjörum í ljósi þess að lánið hafði breytirétt að kröfu skuldara. Lánið var því í raun ekkert annað en eigið fé sem heimilt var að greiða til baka með vöxtum ef rekstur þróaðist með þeim hætti að Kaupskil sæju sér hag í að endurgreiða það.

Ríkið veitti lausafjárfyrirgreiðslu upp á 75 ma.kr. til að liðka fyrir svo að hægt væri að greiða eigið fé inn með pappírnum sem ekki tryggðu gjaldþol bankans ef færa þyrfti niður eigið fé.

Gefin voru óvenju hagfelld vaxtakjör á skuld gamla bankans við nýja bankann.

Vaxtakjör á lánum Seðlabankans til Arion, í tengslum við uppgjör á kröfu Seðlabankans vegna veðsettra húsnæðislána, þarfnast nánari athugunar. Ekki er ljóst hvort bankinn hefur gefið eftir hluta af þeim vöxtum sem hann átti rétt á. Einnig er ekki ljóst með hvaða hætti aðrar skuldir vegna endurhverfra viðskipta og veðskuldir voru gerðar upp en auðvitað er nokkuð sérkennilegt að skuldari geti keypt til baka af lánveitanda þær eignir sem eru meira virði en þau veð sem á þeim hvíldu en skilið lánveitanda eftir með tapið af öðrum sambærilegum eignum.

## 8. Aðrar yfirteknar fjármálastofnanir

Ríkið kom að fjármögnun annarra fjármálastofnana og þar er um umtalsverða fjármuni að ræða. Hér er stiklað á stóru.

9. mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið Straum–Burðarás fjárfestingabanka yfir og vék stjórn hans frá störfum og skipaði bankanum skilanevnd. 17. mars 2009 ákvað FME að flytja innstæður Straums til Íslandsbanka eftir að hafa haft samráð við skilanevndina, kröfuhafa, Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytið. Yfirtaka Íslandsbanka á innstæðum í Straumi leiddi til lausafjárfyrirgreiðslu. Á útgáfudegi skuldabréfs Straums til Íslandsbanka vegna yfirtekinna innstæðna gerðu Íslandsbanki og ríkið með sér samkomulag um að ríkið tæki yfir skuldabréf Straums að fullu eða að hluta og afhenti ríkisbréf í staðinn. Ef Straumur greiddi ekki að fullu upp bréf sitt fyrir 31. mars 2013 héldi Íslandsbanki eftir mismun á greiðslum í formi ríkisskuldabréfs og ríkið eignaðist eftirstöðvar af Straumsbréfinu. Straumur greiddi skuldina að fullu en ekki er vitað hvaða vexti ríkið greiddi til Íslandsbanka og hvort vextir af Straumsbréfinu runnu í ríkissjóð.

21. mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið SPRON yfir og vék stjórn bankans frá störfum. Innstæður voru færðar til Arion (þá Nýja Kaupþing). Innheimtufélagið Drómi var stofnað og yfirtók það aðrar eignir bankans og gaf út skuldabréf til Arion að fjárhæð 97,6 ma.kr. Ríkið ábyrgðist skaðleysi Arion af þessum gjörningi og veitti í tengslum við þetta lausafjárfyrirgreiðslu til Arion upp á 75 ma.kr. sem uppfyllti þar með kröfur Seðlabankans um veðhæfni. Ekki hefur komið fram hvort samræmi hafi verið í vöxtum sem ríkið greiddi og þeim vöxtum sem Arion greiddi af skuldabréfinu sem bankinn fékk frá Dróma.

*Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, bls.58:*

Gjald Arion fyrir afnot af fyrirgreiðslunni verður sem hér segir:

Þegar SPRON-bréfið er notað sem veð:

Ekkert lántökugjald.

Notkunargjald:

1. Ádráttur frá 0-25 ma.kr.: Ekkert gjald. Hið sama mun eiga við um frekari ádrátt ef hægt er að sýna fram á að þörf fyrir laust fé stafi beinlínis af úttektum á SPRON-innstæðum.

2. Ádráttur 25-75 ma.kr. fyrir umsamið gjald.

Ef aðrar eignir en skuldabréf SPRON eru settar sem veð:

0,5% lántökugjald.

3% p.a. notkunargjald.

Ríkið lýsti því yfir í bréfi sínu að það muni halda samningaumleitunum sínum við Seðlabanka Íslands áfram og gera sitt besta til að fá Seðlabankann til að taka skuldabréf SPRON beint sem veð í þeim tilgangi að veita aðgang að lausafé. Yfirlýsingin er í gildi til lokagjaldaga SPRON-skuldabréfsins á árinu 2014.

Ennfremur lýsti ríkið því yfir að það væri reiðubúið að hefja samninga við Arion um frekari lausafjáraðgang ef svo færi að útlæði annarra innlána en SPRON-innlána skapaði lausafjárerfiðleika hjá Arion.

Arion tók líka yfir Sparisjóð Mýrasýslu og Sparisjóðabanka Íslands. Takmarkaðar opinberar upplýsingar eru til um yfirtökurnar en skv. ársreikningi Arion 2009 tók bankinn yfir skuldabréf upp á 10,1 ma.kr. í tengslum við yfirtökuna.

## **Yfirtaka á Byr og síðan sala til Íslandsbanka þar sem víkjandi skuldabréf fylgir með í kaupunum**

*Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu við fjármálafyrirtæki, 4. bls.:*

Ríkið stofnaði árið 2010 hlutafélagið Byr og sparisjóðinn SpKef sem keyptu eignir Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík og tóku yfir hluta af skuldum þeirra, einkum innstæðuskuldir, en eldri félögin voru sett í slitameðferð. Ríkissjóður lagði Byr til 900 m.kr. hlutafjárframlag og SpKef sparisjóði sambærilegt eiginfjárframlag.

Ríkið samdi síðan við Byr og skilanevnd Byrs sparisjóðs (gamla Byrs) um að ríkið eignaðist 5,2% hlut í nýja félaginu en að Byr sparisjóður eignaðist 94,8% við að kröfum hans á félagið var breytt í hlutafé. Einnig fólst í samkomulaginu að ríkið veitti Byr 5 ma.kr. víkjandi lán til 10 ára. Íslandsbanki keypti síðan Byr fyrir 6,6 ma.kr. og sameinaði sínum rekstri. Hlutur ríkissjóðs af söluandvirði Byr var 765 m.kr. sem þýðir að sölutap þess nam 135 m.kr. Heimild til sölnnar og til þess að breyta víkjandi láninu í lausafjáfyrirgreiðslu er í fjárukalögum fyrir árið 2011.

## **Yfirtaka á SpKef og flutningur til Landsbanka**

*Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu við fjármálafyrirtæki 4–5. bls.:*

Þegar Sparisjóðurinn í Keflavík var tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu (FME) var gengið út frá því að eigið fé hans væri um 5 ma.kr. Verðmöt sem síðar voru gerð sýndu fram á verri stöðu og var í ljósi þess fallið frá því að endurreisa sparisjóðinn en þess í stað samið við nýja Landsbankann um yfirtöku og að ríkissjóður greiddi bankanum það sem upp á vantaði til að mæta neikvæðri eignastöðu sparisjóðsins. Ekki náðist samkomulag milli aðila um mat eignanna og skilaði úrskurðarnefnd bindandi niðurstöðu í júní 2012 um að neikvæð staða sparisjóðsins væri 19,2 ma.kr. Að teknu tilliti til vaxta nemur kostnaður ríkisins samtals 25 ma.kr. vegna sparisjóðsins.

## Stofnfé lagt í aðra sparisjóði, VBS, Saga & Askar Capital

*Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu við fjármála fyrirtæki, 5–6. bls.:*

Ríkið lagði einnig stofnfé í fimm minni sparisjóði á árinu 2010, þ.e. Sparisjóð Vestmannaeyja, Sparisjóð Bolungarvíkur, Sparisjóð Svarfdæla, Sparisjóð Norðfjarðar og Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis. Stofnfjárframlögin voru í tengslum við uppgjör á kröfum Seðlabankans á hendur sparisjóðunum, en Seðlabankinn eignaðist þær við þrot SPB hf. Kröfum Seðlabankans sem námu rúmlega 8 ma.kr. var að hluta breytt í eigið fé, víkjandi eða almenn lán, en að öðru leyti voru þær gefnar eftir. Byggðastofnun og aðrir kröfuhafar komu einnig að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðanna. Í árslok 2011 nam verðmæti eignarhluta ríkisins í þessum sparisjóðum samtals rúmlega 1,7 ma.kr. á kostnaðarverði. Bankasýsla ríkisins auglýsti á árinu 2011 til sölu hlut ríkisins í tveimur sparisjóðum, Sparisjóði Norðfjarðar og Sparisjóði Svarfdæla. Aðeins tilboði Landsbankans (NBI hf.) í þann síðarnefnda var tekið. Bókfærð eign ríkissjóðs í sparisjóðnum nam 382 m.kr. á kostnaðarverði en hlutdeild þess í söluverði var 148,5 m.kr. Tap þess af söluverði var því 233,5 m.kr.

Við greiðsluþrot bankakerfisins haustið 2008 tapaði ríkið kröfum sem það átti á lánastofnanir sem önnuðust viðskiptavakt með útgefin ríkisskuldabréf á innlendum lánsfjármarkaði. Á meðal þeirra lánastofnana sem fengið höfðu ríkisskuldabréf lánuð voru VBS fjárfestingabanki hf., Askar Capital hf. og Saga Capital hf. Félögin höfðu ekki getu til þess að endurgreiða andvirði bréfanna og mat fjármálaráðuneytið hagstæðast að semja um greiðslu þessara krafna. Var samið um að félögin greiddu skuldir sínar, samtals 52 ma.kr., með verðtryggðum skuldabréfum sem báru 2% vexti, voru afborgunarlaus fyrstu 3 árin en áttu síðan að greiðast með jöfnum árlegum afborgunum til ársins 2015. Skuld Saga Capital við ríkið var 19,7 ma.kr., skuld VBS fjárfestingabanka 26,4 ma.kr. og skuld Askar Capital 6,3 ma.kr. Ekki var um að ræða nýjar lánveitingar ríkisins eða Seðlabankans til þessara fyrirtækja heldur var eldri kröfum á hendur þeim breytt í lán til lengri tíma. Núna liggur hins vegar fyrir að félögin munu hugsanlega ekki standa að fullu við lánasamningana þar sem þau hafa öll verið tekin til slitameðferðar.

## Sjóvá

*Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu við fjármálaþyrtingu, 6–7. bls.:*

Vegna mikils taps á fjárfestingum uppfyllti tryggingafélagið Sjóvá-Almennar tryggingar ekki lengur skilyrði um lágmarksgjaldþol og var eigið fé félagsins neikvætt um 13,5 ma.kr. Það hefði að lágmarki þurft að vera jákvætt um 2 ma.kr. og því lá fyrir að ef forða ætti félaginu frá gjaldþroti yrði að leggja því til 15,5 ma.kr. nýtt hlutafé. Stjórnvöld töldu rétt að aðstoða félagið til að forða viðskiptavinum þess frá tjóni og viðhalda trausti til váttryggingastarfsemi hér á landi. Glitnir banki og Íslandsbanki áttu einnig hagsmuna að gæta vegna krafna sinna á hendur félaginu. Í júní 2009 var

stofnað sérstakt félag, SA tryggingar hf. (Sjóvá), sem tók yfir váttryggingastarfsemina. Ríkið tók þátt í endurskipulagningunni Sjóvár með því að leggja fram tilteknar eignir, en það voru annars vegar krafa á Askar Capital sem metin var á um 6 ma.kr. og hins vegar skuldabréf útgefið af Landsvirkjun að nafnvirði 4,2 ma.kr. Samtals var verðmæti þeirra eigna sem ríkið lagði fram 11,6 ma.kr. Upphaflega var gert ráð fyrir að framlagið væri lán en með möguleika á að breyta því í hlutafé. Þegar umsýsla krafna í eigu ríkissjóðs og Seðlabankans var sameinuð í eignaumsýslufélagi Seðlabankans færðist ákvörðunarvald og eftirlit með kröfu ríkisins vegna Sjóvar til þess. Láni ríkisins vegna Sjóvar var síðan breytt í hlutafélag og átti eignaumsýslufélag Seðlabankans eftir það 73,03% í Sjóvá á móti 9,3% hlut Íslandsbanka og 17,67% hlut SAT eignahaldsfélags.

Eignarhluti Seðlabankans í Sjóvá var auglýstur til sölu í byrjun árs 2010 og ákvað Seðlabankinn taka tilboði félagsins SF1 í 52,4% hlutafjárins í Sjóvá fyrir 4,9 ma.kr. en einnig var samið um kauprétt þess á 20,63% hlut til viðbótar. Verðið sem fékkst fyrir bréfin jafngildir því að heildarvirði Sjóvar hafi numið rúmlega 10 ma.kr. Ríkið tapaði um 3,4 ma.kr. við sölu bréfanna og mun tapa 1,4 ma.kr. að auki nýti kaupendur sér kaupréttinn. Heildartap ríkisins vegna sölunnar á Sjóvá getur þannig numið allt að 4,8 ma.kr. Það kemur reyndar ekki á óvart að ríkið skuli tapa á þessum viðskiptum enda greiddi það 11,6 ma.kr. fyrir eignarhlut í félagi sem var með neikvæða eiginfjárstöðu og því í reynd gjaldþrota.



## Lánasjóður Landbúnaðarins og aðrar ríkisábyrgðir

Þegar ríkisbönkunum var breytt í hlutafélög á sínum tíma og þeir seldir hvíldu áfram á þeim skuldbindingar vegna þeirra skuldabréfa með ríkisábyrgð sem þá höfðu verið gefin út. Sama máli gegndi um skuldir Lánasjóðs landbúnaðarins sem Landsbankinn keypti af ríkinu árið 2005. Í árslok 2010 nam staða lána til Landsbanka Íslands með ríkisábyrgð samtals 22,1 ma.kr., þar af voru 13,8 ma.kr. vegna Lánasjóðs landbúnaðarins og 3,8 ma.kr. vegna Lífeyrissjóðs bankamanna. Ríkisábyrgðir vegna Glitnis banka hf. voru 403 m.kr. vegna skulda lánlánasjóðs. Árin 2008–2010 greiddi ríkisábyrgðasjóður samtals 7,8 m.kr. upp í kröfur vegna ofangreindra lána til þess að forðast dráttarvexti og innheimtukostnað, en leysti síðan til sín þær skuldir gamla Landsbankans og Glitnis sem eru með ábyrgð ríkissjóðs. Í ríkisreikningi fyrir árið 2010 voru gjaldfærðar 27,5 ma.kr. sem er áætlað tap vegna ríkisábyrgða og í ríkisreikningi fyrir árið 2009 voru gjaldfærðar 3,5 ma.kr. Samtals nemur tap ríkisins vegna ábyrgða sem féllu á það vegna falls bankanna 31 ma.kr.

## 9. Lokaorð

Hinn 14. október 2008 gaf FME út forsendur fyrir skiptingu efnahagsreikninga Landsbankans, Glitnis og Kaupþings og endurskoðaði þær 19. október 2008.<sup>10</sup> Forsendur þessar voru gefnar út með vísan til 100. gr. laga nr. 161/2002 og 5. gr. laga nr. 125/2008. Í forsendunum setti FME fram samræmd viðmið um framsetningu stofnefnahagsreiknings nýju bankanna með það að markmiði að samræma vinnubrögð við yfirfærslu eigna og skulda til nýju bankanna.

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur sem tók við 1. febrúar 2009 kaus að fara þá leið að byggja endurreisn bankanna **ekki á neyðarlögnum** heldur ganga til samninga við kröfuhafa.

Það lítur út fyrir að útgangspunktur íslensku samninganefndarinnar hafi verið að gefa sér fyrirfram að neyðarlögin myndu ekki halda fyrir dómstólum og mjög langt var gengið í að friða kröfuhafa gömlu bankanna, sbr. fundargerð 2. fundar stýrinesndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint frá 20. mars 2009:

### **1. Guðmundur Árnason review the steering group's first meeting on 10 March.**

**2. Mr. Baines led a presentation of Hawkpoint's draft initial assessment that was circulated to the committee. He said that the instrument had the potential to very complex. There were also questions as to whom Deloitte was working for that needed to be cleared up for all concerned. Mr. Baines also stated that the creditors were pleased that something was now happening and that they had someone to talk to.**

Mr. Árnason said that it was important to keep a disciplined dialogue with the creditors. There needed to be a common understanding of who is mandated to talk to whom. He said that it is important not to interfere in the relationship between the resolution committees and the creditors. The state wants to appease the creditors to the extent possible. The negotiations are, however, bilateral between the state and the financial advisors of the old banks.

Löggiltir skjalapýðendur þýddu þennan texta á eftirfarandi hátt:

1. Guðmundur Árnason fer yfir fyrsta fund stýrinesndarinnar þann 10. mars.
2. Hr. Baines fór fyrir kynningu Hawkpoint á drögum að fyrsta mati, sem dreift var til nefndarinnar. Hann sagði skbr./fjármálagerninginn vera líklegt að verða mjög flókið. Einnig væri ekki skýrt fyrir hvern Deloitte væri að vinna, sem þyrfti að skýra vegna allra sem hlut ættu að máli. Hr. Baines sagði einnig að kröfuhafar væri ánægðir með að eitthvað væri nú að gerast og að þeir hefðu einhvern að tala við.

Hr. Árnason sagði það mikilvægt að viðhalda öguðum viðræðum við kröfuhafana. Það þyrfti að vera sameiginlegur skilningur hver væri bær til að tala við hvern. Hann sagði það mikilvægt að trufla ekki samband skilaneftanna og kröfuhafanna. Ríkið vill friðþægja kröfuhafa eins og mögulegt er. Samningaviðræðurnar eru hinsvegar, tvíhliða milli ríkisins og fjármálalegra ráðgjafa gömlu bankanna.

<sup>10</sup> [http://www.fme.is/media/akvardanir/19.-oktober-2008\\_3.pdf](http://www.fme.is/media/akvardanir/19.-oktober-2008_3.pdf)

## 10. Samandregin niðurstaða

1. Rétturinn til að taka allt yfir í íslenskum krónum og greiða fyrir í íslenskum krónum var gefinn eftir.
2. Heimtur af yfirfærðum eignasöfnum voru gefnar til gömlu bankanna:
  - a. með skuldabréfum tengdum heimtum,
  - b. með því að gefa eftir ávinning af rekstri bankanna fram til þess tíma er hlutabréf voru afhent gömlu bönkunum,
  - c. með því að afhenda hlutafé til gömlu bankanna.
3. Ríkið tók áfram á sig meginþorra áhættunnar af rekstri bankanna:
  - a. í formi hlutafjárframlags sem í alvöru var greitt,
  - b. vegna víkjandi lána sem voru langt frá því að verða verðlögð eðlilega og í tilviki Arion með breytirétti að kröfu skuldara,
  - c. í formi lausafjárfrigreiðslu á kjörum sem voru mun betri en markaðskjör sem klárlega hefði verið dregið á að fullu ef illa hefði árað í rekstri nýju bankanna. Öll áhætta á því sem miður hefði getað farið var því ríkisins.
4. Ríkið gaf út skuldabréf til bankanna á gengi stofnefnahagsdags en ekki gengi samningsdags og færði þannig gengismun frá nýju bönkunum til þeirra gömlu.
5. Ríkið samþykkti að greiða vexti til bankanna á hlutafjárloforð frá stofndegi en krafðist ekki hlutdeildar í hagnaði þeirra fyrir sama tímabil.
6. Ríkið gaf eftir veðkröfur Seðlabankans á gömlu bankana og afhenti þannig a.m.k. í tilviki Arion verðmæti til gamla bankans sem voru umfram yfirteknar veðkröfur nýja bankans og skildi Seðlabankann eftir með almenna veðkröfu í bú Arion.
7. Ríkið samþykkti að taka á nýju bankana og þar með ríkið ýmsan kostnað tengdan gjörningum þessum.
8. Ríkið var áfram með megnið af áhættunni af rekstri bankanna þrátt fyrir að hafa gefið eftir meginþorrann af mögulegum ávinningi af heimtum til gömlu bankanna. Hugsanlegt tap af rekstri bankanna átti að lenda á ríkissjóði en hagnaðurinn átti að verða eftir í bönkunum.

## 11. Heimildaskrá

- Arionbanki. *Consolidated Financial Statements for the year 2009*. Vefútgáfa á vefslóðinni: [https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Starfsemi/Uppgjor-og-arsskyrslur/Uppgjor/Arion\\_banki\\_hf.Consolidated\\_Financial\\_Statements\\_-\\_31.12.2009\\_-\\_FINAL.PDF](https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Starfsemi/Uppgjor-og-arsskyrslur/Uppgjor/Arion_banki_hf.Consolidated_Financial_Statements_-_31.12.2009_-_FINAL.PDF)
- Fjármálaeftirlitið. *Forsendur fyrir skiptingu efnahagsreiknings Landsbanka Íslands hf., Kaupþings hf. og Glitnis hf. í samræmi við lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.* Vefútgáfa á vefslóðinni: [http://www.fme.is/media/akvardanir/19.-oktober-2008\\_3.pdf](http://www.fme.is/media/akvardanir/19.-oktober-2008_3.pdf)
- Alþingi. *Skýrsla fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna*. Mars 2011. Vefútgáfa á vefslóðinni: <https://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/1213.pdf>
- Kaupþing. *Consolidated Financial Statements 22 October to 31 December 2008*. Vefútgáfa á vefslóðinni: [https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Frettir/New\\_Kaupthing\\_Bank\\_hf.Consolidated\\_Financial\\_Statements\\_31.12.2008.pdf](https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Frettir/New_Kaupthing_Bank_hf.Consolidated_Financial_Statements_31.12.2008.pdf)
- Landsbankinn. *Consolidated Financial Statements 2009*. Vefútgáfa á vefslóðinni: [https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/UmLandsbankann/landsbankinn\\_arsreikningur\\_samstaedu\\_2009.pdf](https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/UmLandsbankann/landsbankinn_arsreikningur_samstaedu_2009.pdf)
- Ríkisendurskoðun. *Fyrirgreiðsla ríkisins við fjármálafyrirtæki og stofnanir í kjölfar bankahrunsins*. Júní 2012. Vefútgáfa á vefslóðinni: [http://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/fyrirgreidsla\\_vid\\_fjarmalafyrirtaeki2.pdf](http://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/fyrirgreidsla_vid_fjarmalafyrirtaeki2.pdf)